


Ský : Farsími og sjónvarp
27. mars 2014
Brynja Guðmundsdóttir

Rafræn undirritun (auðkenni) - hvað er framundan?
- tækifæri og möguleikar

Hraði þróunar eykst alltaf



Síminn orðinn mini tölva og komið inn í símana æfingakerfi, fingrafaraskannar, öflugar myndavélar.....

Aðdragandinn

- Árið 2008 veðjuðum við á opna staðla frá byrjun hugbúnaðarþróunar okkar á CoreData
- Veðjuðum strax á nýjustu tækni, s.s. að hugbúnaður sé seldur sem þjónusta (SaaS)
- Veðjuðum strax á skýjahögun (Cloud) og var markaðurinn ekki tilbúinn á þeim tíma
- Þróuðum preview sem gerði það að verkum að notandi gat skoðað gögnin óháð því hvort viðkomandi hugbúnaður var á tækinu
- En við héldum okkar striki þrátt fyrir efasemdaraddir
- **Sem gerði það að verkum þegar snjallsímar og spjaldtölvur komu þá þurftum við ekki að gera neitt til að CoreData hugbúnaður okkar virkaði á þessum tækjum**



Síðan komu rafrænu skilríkin...

- Við ákváðum einnig frá upphafi að styðja við auðkenningu inn í kerfið með rafrænum skilríkjum
- En það þurfti lesara við það tæki sem viðkomandi var að nota – fáir nenntu að nota það og það náði engri útbreiðslu
- Síðan þróast tæknin og nú er búið að setja rafræn skilríki í SIM kort í farsímum
- Auðkenni hefur gert flotta hluti við að markaðssetja það og Síminn komu fyrstir hér heima á markað með SIM kort með rafrænum skilríkjum
- Við hoppuðum á lestina og studdum strax við auðkenningu inn í CoreData og bættum svo rafrænum undirritunum við með fullgildum rafrænum skilríkjum

Hvers vegna rafrænar undirritanir og hvernig ?

- Það er munur á rafrænni undirritun og rafrænni undirritun með fullgildu skirteini
- Fullgild rafræn undirskrift: Útfærð rafræn undirskrift sem er studd fullgildu vottorði og gerð með öruggum undirskriftarbúnaði.



Hvers vegna rafrænar undirritanir ?

- Það sparar biðtíma, lækkar kostnað m.a. við afgreiðslu
- Það sparar pappír, meðhöndlun hans, varðveislu og skönnunarkostnað
- Lækkar ferðakostnað á milli staða sem er þjóðhagslega hagkvæmt og sýnir einnig samfélagslega ábyrgð
- Aukið öryggi og auðveldar aðgengi aðila að gögnunum sem þurfa á því að halda



Hver vil ekki auka öryggi og á sama tíma spara kostnað verulega

Dæmi : umsóknir inn í skóla, erindi til stofnana og fyrirtækja, veruleg hagræðing í bankakerfi

Hvað er framundan ?



- Spái því að það verði sprengin í notkun á rafrænum skilríkjum í farsímum eða með öðrum hætti
- Hvers vegna rafrænar undirritanir með rafrænum skilríkjum en ekki venjulegar ?
 - Það skýrist af þrennu : Öryggi, öryggi og öryggi
- Eftir lekan hjá Vodafone sagði Póst- og fjarskiptastofnun að tölvupóstur væri eins og póstkort og stofnanir ríkisins ráðlögðu að mun öruggara væri auðkenning með rafrænu skilríki frekar en notendanafn og lykilorð

Áskoranir og framtíðin

- Það þarf í sumum tilfellum að breyta lögum til að auðvelda útbreiðslu
- Það getur verið þröskuldur að skipta út SIM kortum
- Það getur einnig vel verið að þetta útfærist einnig með öðrum hætti en bara rafræn skilríki inn í SIM korti en **rafrænar undirritanir með fullgildum hætti eru komnar til að vera**
- **Ávinningurinn er svo mikill og aukning á öryggi að menn finna lausn á þessu**




Hvers vegna fékk Azazo boð á GSMA ?



Komumst að því að við erum mjög framarlega á sviði rafrænna undirritana með fullgildu rafrænu skilríki – fundum ekki annan aðila á ráðstefnunni

Hanna Birna innanríkisráðherra undirritaði skjal með rafrænum skilríkjum í farsíma á GSMA ráðstefnu í Barcelona í feb. 2014. Þetta er stærsta farsímaráðstefna í heimi. Bæði var CoreData hugbúnaður Azazo kynntur á Gemalto bás og aðalbás þeirra sem héldu sýninguna GSMA. Gemalto veltir um 350 milljörðum á ári en Valimo dótturfyrirtæki þeirra er mikið í samskiptum við Azazo.

Demo –rafrænar undirritanir



Við Íslendingar höfum tækifæri á því
að vera fremst á þessu sviði
- nýtum okkur það

Takk fyrir ☺

